

Mál nr. 120/2016**M****og****vátryggingafélagið V vegna vatnstjónsliðar húseigendatryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna tjóns af völdum vatnsleka á við sturtu.****Gögn.**

Málskot, móttakið 13.4.2016, ásamt fylgigögnum.

Bréf V dags 23.3.2016 (líklega röng dagsetning), ásamt fylgigögnum.

Tölvupóstur M, dags. 27. apríl 2016.

Málsatvik.

Í febrúar sl. tilkynnti M um tjón á húseign sinni til V. Í tjónstilkynningunni kemur fram að M tilkynnir um leka úr vatnslögn innan veggja og vísar til þess að „svo virðist sem leki undir sturtubotni hafi farið smám saman vaxandi og runnið undir parket í stofu“. M vísar til þess í málskoti að sprunga hafi komið á botn í sturtuklefa og þannig hafi vatn farið undir klefann og smátt og smátt hafi safnast saman vatn sem olli síðan skemmdum sem hann telur falla undir gildissvið vátryggingarskilmála sinna hjá V.

Starfsmaður V fór að kanna aðstæður strax eftir að tjónstilkynning barst og telur V, með hliðsjón af þeirri skoðun, að blöndunartæki sturtu hafi verið slitin og frágangur sturtuklefa hafi verið slæmur, auk þess sem ástand hans hafi verið slæmt. V telur að tjónið falli ekki undir gildissvið 1. gr. vátryggingarskilmála húseigendatryggingar þar sem það stafir ekki af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka, eins og þar sé áskilið. Einnig vísar V til c.liðar sömu greinar um það sem vátryggingin bætir ekki, en þar er sérstaklega tekið fram að tjón sem hljótist af langvarandi raka eða vatnsleka bætist ekki. V telur að hvort sem leka megir rekja til þess að sturtubúnaður hafi ekki verið í lagi eða að það hafi verið sprunga á sturtubotni, þá sé tjónið vegna langvarandi raka og bætist því ekki úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt vátryggingarskilmálum þeim sem um vatnstjónstrygginguna gilda bætir vátryggingin skemmdir á vátryggðri húseign sem eiga upptök sín innan veggja hússins og stafa eingöngu af ófyrirsjáanlegum, skyndilegum og óvæntum leka úr vatnsleiðslum, hitakerfi eða frárennislöngnum hennar. Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að um langvarandi vatnsleka hafi verið ræða frá opnu og ófrágengnu vatnsröri. Eins hér stóð á verður tjónið á fasteign M ekki rakið til ófyrirsjáanlegs, skyndilegs og óvænts leka úr vatnsleiðslum eins og áskilið er í fyrrgreindu skilmálaákvæði, þó ástæða lekans kunni að vera sprunga í sturtubotni. Af þeirri ástæðu fæst tjónið ekki bætt úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingarinnar hjá V.

Niðurstaða.

Má ekki rétt á bótum úr vatnstjónstryggingarlið húseigendatryggingar sinnar hjá V.

Reykjavík, 7. júní 2016.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.